



Reykjavík 09.03.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 8. mars 2017 varðandi eftirfarandi mál.

### Sæbraut

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 29. ágúst 2016, um nýtt deiliskipulag sem felst í að gerð er lóð undir innsiglingarvita við Sæbraut rétt utan við Höfða, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf., dags. 2. mars 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. mars 2017.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.*

*Sigurborg Ó. Haraldsdóttir vikur af fundi við afgreiðslu málsins.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Harri Ormarsson

Fylgiskjöl: uppdr. Yrki arkitekta ehf., dags. 2. mars 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. mars 2017.




# DEILISKIPLAG FYRIR INNSIGLINGARVITA VID HÖFDA

# STADGREINIREITUR 1217.



Núverandi fyrirkomulag

Mælikvæði 1:1000



Tilлага að deiliskiplagi

Mælikvæði 1:1000

## GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR

**Forsendur**  
Til að tryggja örygga merkingu sjáingarflekkarinnar í Gömlu höfnina og í Sundahöfn var villt í turni Sjömannaskólans tekið í hökkan árið 1945. Í dag virkar hann ekki lengur sem innsiglingarvit í Reykjavíkurböfn. Tilagan byggir á því að nýr vit verði reistur við Saebraut rétt utan við Höfða til að leysa vitann í Sjömannaskólanum af. Frágangur á vitann mun nýfast sem útsýnisfallur og áhringarskiður á göngu- og hjólaledi meðfram Saebraut.

### Staðsetning

Staðsetning vitans byggir á sjómanningakortinu *Tilaga að staðsetningu innsiglingarvita við Saebraut norðan Höfða* gert af Landhelgisgæslu Íslands í nóvember 2015 fyrir Faxalíkahafnar. Lúas vitans þarf að vera sýnilegt í að minnsta kosti 4 sjómíla fráfaræða. Vitann er staðsettur við eftirfarandi milt: **Hnitakerfi ISN 93** - Austur 358622,343 / Norður 406206,639 eða **Hnitakerfi Reykjavíkurborgar** - Austur -20979,885 / Norður 18171,141

### Adalskiplag Reykjavíkur 2010 - 2030


"Strandsvæði eru svæði innan neilaga og meðfram sjó, án eða viðnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagærd er rædd í lágmarki". Viðkomandi svæði er skilgreint sem sérstakt strandsvæði í adalskiplagi Reykjavíkur 2010-2030 sem **ST1 Norðurströnd**.  
"Svæðið er að stærstum hluta á uppfyllingu milli sjávar og Saebrautar. Þar liggur vinsæll göngu- og hjólastígur sem tengir m.a. saman Sundahöfn og Laugavegsstanga. Stefnt er að því að bæta aðgengi að sjávarmálinu, fjölga listaverkum og áhringarskiðum á svæðinu."

### Hæð

Að teknu tillit til eftirfarandi þátta: Jfosó fari fyrir ofan umferðarlús á landkant, lvsingu gata, bakgrunnssýngju mannvirka, endurkast af byggingum, áhrif vegna sjávarfangs, og veðurfráslegra aðstæðna, er hæð á jfosí vitans bundin í 13,2 metra hæð frá sjávarmáli. Þannig er tryggt að jfos vitans sé að minnsta kosti 5 metrum yfir hæð Saebrautar. Engin jfosmengun er frá jfosí vitans.

Hæð á Saebraut 8,0 m

Landhæð við Höfða 10,0 m



13,2 m  
Hæð á jfosí vitans


9,2 m  
Hæð á útsýnispalli



Hæð á Saebraut 8,0 m



Sníðmynd sem sýnir bindandi hæðir fyrir vita og útsýnispall



### Merking tákna:

- Mörk deiliskiplags
- Byggingareitur
- Ný ióðarmörk
- Núverandi byggingar
- Núverandi göngustígur
- Núverandi hjólastígur
- Aðkoma
- Staðsetning á vita skv. hnitum
- Kvóð um stífg og snjóþræðslu
- Nýr varnargödur



DEILISKIPLAG ÞETTA HEFUR FENGIÐ MEGBERG  
SMAKVEIÐIÐ ÁKVEÐIÐ Í MEG-43, 9<sup>o</sup> SMÍÐLUGSLAGAN nr. 122/2010  
VÁR SMÍÐVIRKI \_\_\_\_\_  
PÁNN \_\_\_\_\_ OGÍ \_\_\_\_\_

TILLAGN VÁR AUGLÝST FRÁ \_\_\_\_\_ PÁNN \_\_\_\_\_  
ATHUGASAMDAFFERS TIL \_\_\_\_\_ MEG \_\_\_\_\_  
AUGLÝSING UM GILDIRSKIÐ DEILISKIPLAGSINS VÁR BIRT  
Í ÞEGLIÐ STJÓRNARTÍÐINDA PÁNN \_\_\_\_\_

**YRKI ARKITEKTAR**  
Hvæfisgáttu 76, 101 Reykjavík  
Sími: +354 552 6629  
Kí: 560997-3109  
www.yrkis.is  
yrki@yrkis.is

VERSKAÐUN	VERK
REYKJAVÍKURBORG	INNSIGLINGARVITI
GAEBENTN	02.03.17
INK.	11.09.00
TEKINGU AF	SBSOEH
TEKINGU AF	AAHAB
TEKINGU	001
VERK NR.	VZZA
TEKINGU NR.	1 af 1
OFNAMA	





Reykjavík 3.mars 2017

**Varðar: Sæbraut, deiliskipulag**

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 29. ágúst 2016, um nýtt deiliskipulag sem felst í að gerð er lóð undir innsiglingarvita við Sæbraut rétt utan við Höfða, samkvæmt uppd. Yrki arkitekta ehf., dags. 2. mars 2017. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Í eldri erindum þá hafa verið kynntar nokkrar tillögur að stöðsetningu nýs innsiglingarvita Gömlu hafnarinnar. Staðsetning vitans yrði við Sæbraut norðan Höfða. Nýi vitinn kæmi í stað vitans í turni Sjómannaskólans. Í bréfi með eldri erindum þá hefur komið fram að nýjar turnbyggingar á byggingarsvæði við Höfðatorg færu að þrengja að siglingamerkjum vitans í Sjómannaskólanum fyrir innsiglingu að Gömlu höfninni. Í framhaldi af því hefur verið gerð tillaga að deiliskipulagi þar sem til lengri framtíðar væri lausnin sú að byggja vita niður við ströndina. Sá viti þarf að marka báðar þær siglingaleiðir sem vitinn í Sjómannaskóla gerir í dag og staðsetja þyrfti nýjan vita við Sæbraut með tilliti til þess. Nokkrar tillögu lágu á borðinu en að endingu hefur staðsetningin orðið sú að vitinn er staðsettur aðeins austan við sjónlínu Höfða.


Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir strandlengjuna við Sæbraut, en í aðalskipulagi er svæðið sýnt sem opið svæði til sérstakra nota en á slíkum svæðum er gert ráð fyrir útivistariðkun af ýmsum toga og mannvirkjagerð í tengslum við útivistarnotkun á svæðinu. Jafnframt má gera ráð fyrir á opnum svæðum veitumannvirkjum, s.s. dælu-, fráveitu- og spennistöðvum, sem afmörkuð verða í deiliskipulagi viðkomandi svæða.

Í eldri tillögu sem barst embætti skipulagsfulltrúa, dags. 29. ágúst 2016, þá var umfang svæðisins/umhverfið í kringum fyrirhugaðan vita talið of umfangsmikið og lagt var til að draga úr því. Við því hefur verið orðið með nýrri tillögu, dags. 2. mars 2017.


**Niðurstaða**

Tekið er jákvætt í nýja tillögu Yrki arkitekta ehf, dags. 2.mars 2017 varðandi umfang svæðisins/umhverfisins í kringum nýja vitann og lagt til að nýtt deiliskipulag verði auglýst. Sjá tillögu á næstu blaðsíðu.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs  
skipulagsfulltrúa, /Björn I. Edvardsson



Vitinn og umhverfi hans séð ofan úr Höfðatorgi



Tillaga að deiliskipulagi

Mællikvarði 1:1000